

Fimmtudaginn 11. desember 1997.

Nr. 203/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Þórólfi Jóni Egilssyni

(Sigurður Eiríksson hdl.)

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Svipting ökuréttar. Réttarfar. Sönnun. Sýkna að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1997. Af hálfu ákærvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar og sviptingar ökuréttar, en til vara, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar.

Ákærði krefst staðfestingar héraðsdóms.

I.

Atvikum málsins er lýst í héraðsdómi. Fyrir liggur rannsókn lögreglunnar í Gråsten í Danmörku á árekstri þeim, sem varð á þjóðvegi þar í nánd aðfaranótt 16. apríl 1995 milli fólksbifreiðar af gerðinni Ford Escort og Opel Kadett-skutbifreiðar, sem ákærði hafði til umráða. Kemur þar fram, að lögreglumaður kom að slysinu, og voru þá bifreiðarstjórar beggja bifreiðanna fastir í ökumannssætum, og varð að fá aðstoð til að ná þeim úr bifreiðunum. Þess er getið, að áfengislykt hafi verið af ákærða og blóðsýni verið tekið úr honum. Samkvæmt fyrirliggjandi rannsókn á því var hann ölvaður við aksturinn. Ökumaður hinnar bifreiðarinnar reyndist látinn, og farþegi í þeirri bifreið var slasaður sem og ákærði. Þá liggur fyrir uppdráttur lögreglunnar af vettvangi slyssins, sem sýnir bifreið ákærða að mestu yfir á röngum vegarhelmingi miðað við ætlaða akstursstefnu hennar. Hin bifreiðin var sömum megin vegarins, en hún var þó að miklum hluta út af akbrautinni sjálfri.

Ákærði bar fyrir héraðsdómi, að hann hefði farið einsamall að Kollund Strandhotel til að halda upp á páskahátíðina, enda hafi hann átt helgarfrí. Samkvæmt framburði hans drakk hann þar tvo páskabjóra, en hann hafði drukkið einn bjór fyrr um kvöldið. Líkt og áður fyrir lögreglu lýsti hann yfir algjöru minnisleysi um gjörðir sínar eftir miðnætti 16. apríl 1995 og þar til hann var kominn á sjúkrahús.

Samkvæmt mati lögreglu og bifreiðaeftirlitsmanns á ummerkjum á slysstað var orsök slyssins sú, að ákærði hefði ekki haldið bifreið þeirri, er hann ók, á réttum helmingi vegarins. Fyrir héraðsdómi neitaði ákærði sök og bar það helst fyrir sig, að ætluð akstursstefna bifreiðarinnar samkvæmt gögnum lögreglu væri þveröfug við leiðina að dvalarstað hans. Hann kannaðist ekki heldur við bjórdós, sem lögreglan fann í bifreiðinni, og taldi sig ekki hafa drukkið slíkan bjór.

Rannsóknargögn lögreglunnar í Gråsten, niðurstaða blóðsýnarrannsókna og skoðunarskýrsla bifreiðaeftirlitsmanns voru færð fram fyrir héraðsdómi, sbr. 48. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hins vegar hafa skýrslugjafar og vitni ekki komið fyrir dóm, en þau eru öll búsett í Danmörku. Af hálfu ríkissaksóknara var að gefnu tilefni marglýst yfir, að samkvæmt hans mati væri ekki þörf á skýrslugjöf vitna fyrir dómi. Með vísan til þessara yfirlýsinga féll ákærði frá kröfum um, að vitni kæmu fyrir dóm, og krafðist sýknu á þeim grundvelli, að ákæruvaldinu hefði ekki tekist að sanna sök ákærða.

II.

Fallist er á úrlausn héraðsdómara um, að refsivald íslenska ríkisins taki til ætlaðra brota ákærða. Einnig ber að staðfesta úrlausn hans um beitingu íslenskra laga um refsingu og önnur viðurlög.

Saksókn ákæruvaldsins er byggð á áðurnefndum rannsóknargögnum lögreglunnar í Gråsten í Danmörku, skýrslum um niðurstöðu blóðsýnarrannsókna og könnun bifreiðaskoðunarmanns á vettvangi og á bifreiðunum svo og mati hans á ástæðum árekstrarins. Var rannsókn þessi nægjanleg sem grundvöllur málshöfðunar, sbr. 67. gr. laga nr. 19/1991. Dómara bar við þingfestingu málsins að kanna viðhorf ákærða ýtarlega, og þar sem hann neitaði sök, að

spyrja hann nákvæmlega eftir því, á hverju sú neitun byggðist. Teldist eftir það nauðsynlegt, að vitni og skoðunarmenn kæmu fyrir dóm, mátti efna til sjálfstæðs vitnamáls í Danmörku, svo að þar gæfist kostur á að inna skýrslugjafa frekar eftir sakarefni. Hins vegar lýsti ákærvaldið margsinnis yfir því, eins og áður segir, að það teldi ekki þörf frekari gagnaöflunar. Verður að fallast á, að dómara hafi að svo búnu verið rétt að leggja dóm á málið í því horfi, sem það lá fyrir honum, sbr. ákvæði 46. og 48. gr. laga nr. 19/1991.

III.

Samkvæmt gögnum málsins kom lögregla að ákærða undir stýri bifreiðarinnar, og var áfengislykt af honum. Rannsókn á blóðsýni sýndi að lágmarki 1,33% alkóhólmagns, en blóðsýnið var tekið úr ákærða að tilhlutan lögreglu rúmum tveimur klukkustundum, eftir að hann var kominn á sjúkrahús. Að þessu athuguðu verður ekki dregið í efa með skynsamlegu móti, að hann hafi gerst sekur um að aka bifreiðinni undir áhrifum áfengis, svo sem honum er gefið að sök í ákæru. Er þetta brot hans þar réttilega heimfært til 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. og 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Skilja verður málatalbúnað ákærða svo, að af hálfu hans séu brigið á það bornar, að hann hafi ekið á röngum vegarhelmingi, þegar áreksturinn varð. Vitni, sem komu að sýsnu, og farþegi, sem var í hinni bifreiðinni, hafa hvorki gefið formlegar skýrslur fyrir lögreglu né fyrir dómi. Verjanda ákærða gafst ekki kostur á að fá spurningar lagðar fyrir vitni og skoðunarmenn fyrir dómi, sbr. 41. gr. laga nr. 19/1991. Dómur verður því ekki reistur á því, sem eftir þessum aðilum er haft, gegn mótmælum ákærða, styðjist það ekki við önnur óvefengjanleg gögn. Verða að þessu athuguðu, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1991, ekki taldar nægar sönnur fram komnar fyrir sekt ákærða um manndráp af gáleysi. Ber því að sýkna ákærða af þessum hluta ákæru.

Ákærði hefur ekki áður hlotið refsingu, sem hér skiptir máli. Með það í huga og með vísun til 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987 ber að ákveða honum sektarrefsingu. Telst hún hæfilega ákveðin 50.000 krónur, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa. Þá ber að

kröfu ákærvalds og samkvæmt 2. mgr. 102. gr. laga nr. 50/1987 að svipta hann ökurétti í eitt ár.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þórólfur Jón Egilsson, greiði 50.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökurétti í eitt ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talinn helming saksóknarlauna í ríkissjóð, samtals 60.000 krónur, og helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, samtals 60.000 krónur. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 7. apríl 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. mars sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 24. janúar 1997, á hendir:

„Þórólfi Jóni Egilssyni, Strandgötu 39, Akureyri, fæddum 23. júlí 1975, fæðingarnúmer 524, fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot í Danmörku með því að hafa um klukkan 5.04 að morgni sunnudagsins 16. apríl 1995 ekið undir áhrifum áfengis flutningabifreiðinni ME-95.071 Kruså-veg til austurs of hratt miðað við aðstæður og án nægilegrar aðgæslu með þeim afleiðingum við 10,2 km stikuna í Gråsten-sveitarfélaginu, er bifreiðinni var ekið yfir á rangan vegarhelming, að árekstur varð við fólksbifreiðina SL-DH 98. Við áreksturinn hlaut ökumaður þeirrar bifreiðar, Þjóðverjinn Alexander Zeidler, fæddur 24. febrúar 1976, innvortis blæðingar og lést nær samstundis.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 36. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga“.

Við aðalmeðferð máls ítrekaði sækjandi gerðar kröfur, en krafðist auk þess hæfilegra saksóknarlauna.

Ákærði krafðist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en auk þess, að allur málskostnaður, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun, yrði greiddur úr ríkissjóði.

I. Málsmeðferð.

Sakargögn máls þessa bárust ríkissaksóknara frá lögreglustjóranum í Gråsten í Danmörku með bréfi, dags. 26. febrúar 1996. Hinn 13. mars sama ár lauk löggiltur skjalabýðandi þýðingu helstu rannsóknargagna, og voru þau síðan endursend embætti ríkissaksóknara. Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 24. janúar 1997, var embætti sýslumannsins á Akureyri falin saksókn. Sakargögn voru lögð fram við þingfestingu málsins 6. febrúar sl. auk ákæru-skjals og sakavottorðs. Eigi voru lögð fram frekari sýnileg skjöl af hálfu sakflytjenda við undirbúningsþinghöld. Þá var lýst yfir því af hálfu sækjanda, að vitni yrðu ekki leidd fram við aðalmeðferð málsins.

II. Málavextir.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglumannsins Ritu Warning kom hún að umferðarslysi á Kruså-akbrautinni skammt frá Rinke-nesi sunnudaginn 16. apríl 1995 kl. 5.39, en þar hafði orðið árekstur með flutningabifreiðinni ME-95.071 og fólksbifreiðinni SL-DH 98. Í skýrslu lögreglumannsins er m. a. tekið fram, að lítills háttar reyk/gufu hafi lagt frá vél annars ökutækisins. Þá er tekið fram, að á vettvangi hafi verið fyrir tilgreint vitni, og jafnframt, að annað tilgreint vitni hafi fljótlega komið þar að. Í skýrslunni er lýst aðstæðum á vettvangi og aðgerðum lögreglu og sjúkraliðsmanna. Þá er m. a. vísað til fyrirliggjandi vettvangsteikningar, ljósmynda svo og skýrslu bifreiðaskoðunarmanns.

Samkvæmt rannsóknargögnum sat ákærði í ökumannssæti bifreiðarinnar ME-95.071. Í bifreiðinni SL-DH 98 voru tveir aðilar, í framfarþegasæti pilturinn Andreas Berger, 19 ára, og reyndist hann vera með brotið viðbein og skurð yfir vinstra auga. Í ökumannssæti bifreiðarinnar var pilturinn Alexander Zeidler, og var hann úrskurðaður látinn við komu vakthafandi læknis, kl. 6.14. Samkvæmt vottorði réttarlæknisstofnunar Háskólans í Óðinsvéum var banamein hans innvortis áverkar auk blæðinga.

Vegna áverka sinna voru ákærði og Andreas Berger fluttir í sjúkrahúsið í Sønderborg, en í viðræðum hins síðarnefnda við lögreglu 17. apríl gat hann enga grein gert fyrir aðdraganda slyssins sökum minnisleysis. Verður ekki séð, að hann hafi verið yfirheyrður frekar af lögreglu. Samkvæmt rannsóknarskjölum var ákærði færður á gjörgæsludeild áðurnefnds sjúkrahúss „með fótbrot og ýmsar skrámur“, og vegna áverka sinna var hann ekki tal-

inn fær til skýrslugjafar. Að beiðni lögreglu var hins vegar tekið blóðsýni úr ákærða, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknarstofu Kaupmannahafnarháskóla í réttarefnafræði reyndist magn alkóhóls 1,33‰.

Áður en vikið verður að framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi, þykir rétt að víkja frekar að aðstæðum á slysstað. Í upplýsingaskýrslu Gunnars Jacobsens lögreglumanns segir m. a.:

„Slysstaðurinn er Kruså-vegur, en það er beinn þjóðvegur, sem liggur í áttirnar austur-vestur. Hann liggur fyrir utan þetta byggð 8,1 m austan við 10,2 km-stikuna í Gråsten-sveitarfélaginu. Á þessum stað liggur vegurinn niður í kvos. Vegurinn er malbikaður og er 8,5 m breiður með eina akbraut í hvora átt, og er honum skipt með akbrautarlínunum (Q41) á syðri akbraut og viðvörunarlínu (Q42) norðan við þær. Báðum megin akbrautanna er vegaröxl, 1,75 m á breidd, sem nær út að steinsteyptu vegriði. Vel sést yfir á staðnum. Rannsóknin á slysinu sýndi, að ökutækin höfðu rekist hvort fram- an á annað á nyrðri akbraut, 8,1 m austan við 10,2 km-stikuna. Yfirborð vegarins var slétt. Vegarmerking var ómád og greinileg. Lítil umferð var á þeim tíma, sem rannsóknin stóð yfir, og góðar aðstæður til að sjá vel yfir. Vegurinn var blautur og úðarigning. Báðir bílar stóðu á þeim stað, sem þeir höfðu staðnæmst eftir slysið, og mátti staðreyna það af óhreinindum af bretti ökutækis 1 (ME-95.071), sem voru á veginum beint utan við hjólbarð- ana. Ökutæki 2 (SL-DH-98) var með afturendann upp að vegriðinu að norðanverðu, og framendinn sneri út á veginn í áttina suður-suð/vestur. Ökutæki 1 var með vinstra afturhorn beint yfir viðvörunarlínu á miðjum veginum, 3,3 m frá nyrðri vegarbrún og 5,3 m austan við 10,2 km-stikuna. Framendi hans sneri í norðaustur. Bilið milli framenda ökutækjanna var 1,5 m. Á báðum bílum hafði framhlutinn þjappast inn að öikumannsrými, sem hafði aflagast mikið á báðum. Þrýstiför sáust eftir hjólbarða um það bil á miðri nyrðri akbraut og lágu úr austri alveg að slysstað, væntanlega eftir ökutæki 2. Förin voru þó ekki svo greinileg, að unnt væri að mæla þau. Beint út frá 10,2 km-stikunni lá á vegaröxlinni brotinn öikumannsspegill, væntanlega frá ökutæki 2. Á syðri vegaröxl, 13,2 m austan við 10,2 km-stikuna, lá Opel-hjólkoppur, væntanlega frá ökutæki 1. Í ökutæki 1, á gólf- inu framan við framsætið farþega megin, lá opin og nokkuð beygluð bjór- dós af tegundinni Hansa Export. Engin frekari merki sáust eða aðrir hlutir, sem einhverju kynnu að skipta varðandi málið. Bifreiðaskoðunarmaðurinn Erik Jensen, Bifreiðaskoðun Sønnerborg, kom á staðinn kl. 6.50. Hann skoðaði síðan slysstað, ökutækin og veginn á u. þ. b. 100 m kafla í hvora átt frá slysstað ásamt undirrituðum. Ekki fann hann nein nothæf ummerki á staðnum og bað þess vegna um, að ökutækin yrðu færð til frekari skoðunar í Bifreiðaskoðuninni í Padborg.“

Skýrsla ofannefnds bifreiðaskoðunarmanns, Eriks Jensens, er svofelld:

„Ökutæki 1 stóð á akbraut ökutækis 2, skásett með 45° stefnu frá upprunalegri akstursstefnu. Framendi ökutækis 1 var u. þ. b. inni á miðri akbraut ökutækis 2. Fullyrða má, að staða ökutækis 1 eftir slysið sé hin sama og þegar óhappið varð. Þetta mat styðst einkum við það, að óhreinindi undan aurlífum, sem losnað höfðu við áreksturinn, fundust lóðrétt undir brettunum á þeim stað, sem ökutækið stóð á eftir slysið. Enn fremur styðst það við það atriði, að vökví úr vél, sem lekið hafði niður, var með sama hætti beint undir vélinni. Ökutæki 2 var rétt hjá þeim stað, sem áreksturinn varð. Þó hafði afturhlutinn sveiflast til hægri og bíllinn kastast u. þ. b. einn metra aftur á bak, svo að hann var nær hornrétt á upprunalegri akstursstefnu og með framhluta að vegarmiðju. Framhjól voru á vegarlínu í hægri hlið akbrautarinnar (sjá ljósmynd nr. 2). Atburðarásin hefur vafalaust verið eftirfarandi: Ökutæki 2 er ekið eftir Kruså-vegi í vesturátt, því sem næst á miðri akbraut. Telja verður, að þrýsti/hemlifar, sem sést á ljósmynd nr. 4, sé eftir hægra framhjól, að minnsta kosti er það eðlileg staða við akstur í vesturátt á nyrðri akbraut. Tekið skal fram, að þrýsti/hemlafarið, sem sést á ljósmynd nr. 4, var ekki sýnilegt, er ég kom á slysstað. Ökutæki 1 er samtímis ekið eftir Kruså-vegi í austurátt. Þegar árekstur verður, er það statt inni á akbraut ökutækis 2 og talið vera um 20–30 cm til hliðar við miðju akbrautarinnar, nær vegarmiðju, miðað við stað ökutækis 2 (metið út frá tjónsmyndunum af ökutækjunum). Hvort aðili 1 beygir skyndilega yfir á akbraut ökutækis 2 eða hefur ekið eftir henni um nokkurt skeið, verður ekki ráðið. Vöntun á þrýstifari eftir snögga beygju mælir gegn því, að svona hafi verið, en aur undan aurlífum ökutækis 1 mælir með því. Hvernig sem á málið er litið, er orsök slyssins sú, að ökutæki 1 er ekið yfir á akbraut ökutækis 2. Aðeins verður um getgátur að ræða um ástæðuna, en eftir lestur lögregluskýrslunnar má telja sennilegt, að þreyta og áfengisáhrif hafi skipt hér máli. Vísa má á bug þeirri skýringu, að allt í einu hafi sprungið á hjólbarða með skyndilegum loftmissi, þar sem ekki var sprungið á neinum hjólbarða ökutækis 1 (sbr. ljósmyndir í málinu). Bilun í stýri eða aðrar tæknilegar ástæður má líka telja óhugsandi, sbr. athugun J. Mauritzens bifreiðaskoðunarmanns á ökutækjunum.“

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 10. maí 1995, en hann var þá enn vistmaður á sjúkrahúsinu í Sønderborg. Við yfirheyrsluna hafði ákærði réttarstöðu grunaðs aðila, og vegna takmarkaðrar dönskukunnáttu naut hann aðstoðar íslensks félaga síns. Samkvæmt frásögn ákærða hafði hann afnot af bifreið vinnuveitanda síns, ME-95.071, og gerði grein fyrir ferðum sínum allt frá miðaftni 15. apríl til miðnættis. Kvaðst hann hafa ekið að lög-

býlinu Holbøl um klukkan 18.00, neytt þar kvöldverðar og drukkið úr einni bjórflösku, en eftir það farið til heimilis félaga síns og um kl. 23.45 ekið að Kollund Strandhotel. Vegna minnisleysis gat ákærði ekki gert frekari grein fyrir gjörðum sínum umrædda nótt.

Við þingfestingu og aðalmeðferð máls var frásögn ákærða í öllum aðalatriðum samhljóða framangreindum framburði fyrir lögreglu. Greindi ákærði frá því, að hann hefði farið einsamall að Kollund Strandhotel og ætlun sín verið að halda þar páskahátíðina, enda átt helgarleyfi. Ákærði kannaðist við að hafa drukkið tvo páskabjóra um miðnætti, en neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa af þeim sökum. Líkt og við yfirheyrslu hjá lögreglu lýsti ákærði yfir algjöru minnisleysi um gjörðir sínar eftir miðnætti 16. apríl og gat ekki skýrt frekar frá veru sinni á veitingastaðnum. Þá minntist ákærði þess ekki að hafa ekið bifreiðinni ME-95.071 frá veitingastaðnum og gat því ekki greint frá aðdraganda umferðarslyssins á Kruså-akbrautinni. Við þingfestingu málsins og í síðari þinghöldum neitaði ákærði sök. Vísaði hann m. a. til þess, að akstursstefna bifreiðarinnar samkvæmt rannsóknarskjölum, hefði verið þveröfug miðað við dvalarstað sinn. Þá kannaðist ákærði ekki við þá bjórtegund, sem lögregla fann í bifreiðinni á slysstað.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði í framannefndu slysi hlotið brot á vinstra fæti, en auk þess fengið smáskrámur fyrir neðan hægri geirvörtu. Þá kvaðst ákærði hafa misst meðvitund. Vegna áverka sinna kvaðst ákærði hafa dvalist á sjúkrahúsi í Danmörku í hálfan annan mánuð og þar á eftir í hálfan mánuð, eftir að hann kom til Íslands.

Niðurstaða.

Brot þau, sem ákærða eru gefin að sök í ákæruskjali, eru framin í Danmörku. Ákærði er íslenskur ríkisborgari, og tekur refsivald íslenska ríkisins til ætlaðra brota hans, sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda geyma umferðarlög og hegningarlög í Danmörku refsíákvæði um framangreinda háttsemi svo og ákvæði um sviptingu ökuréttar. Beita ber íslenskum lögum um refsingu og önnur viðurlög, sbr. 1. mgr. 8. gr. almennra hegningarlaga að aðgættum ákvæðum 2. mgr. 8. gr. sömu laga. Varnarþingsreglur eru þessu og ekki til fyrirstöðu, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Í máli þessu hefur ákærði neitað sök, en jafnframt haldið fram nær algjöru minnisleysi um gjörðir sínar aðfaranótt 16. apríl 1995. Er til þess að líta, að samkvæmt sakargögnum hlaut ákærði alvarlega áverka í umferðarslysinu og var m. a. ekki treyst af hjúkrunarfólki til að tjá sig um málsatvik eftir komu á sjúkrahús. Ákærði var og fyrst yfirheyrður af lögreglu tæpum fjórum vikum eftir slysið. Fyrir dómi hefur ákærði m. a. vísað til þess, að

bifreiðin ME-95.071 hafi verið með þveröfuga akstursstefnu miðað við dvalarstað hans.

Saksókn ákærvalds í máli þessu er reist á áðurnefndum frumskjölum lögreglunnar í Gråsten í Danmörku svo og öðrum rannsóknarskýrslum, og að mati dómsins er rannsóknin fullnægjandi, sbr. 67. gr. laga nr. 19/1991. Fyrir dómi lýsti sækjandi því hins vegar yfir, eftir að hann hafði ráðfært sig við embættismenn ríkissaksóknara, að þeir lögreglumenn og aðrir sérfræðingar, sem unnu við frumrannsóknina, yrðu ekki kvaddir til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins. Var því þó eigi haldið fram, að vitnin ættu ekki heimangengt. Með vísan til þessarar yfirlýsingar ákærvalds hafði ákærði ekki uppi sérstakar kröfur um vitnaleiðslur, en krafðist í þess stað sýknu, m. a. með vísan til VIII. kafla laga nr. 19/1991.

Samkvæmt meginreglu opinbers réttarfars, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991, skal dómur reistur á sönnunargögnum, sem fram eru færð fyrir dómi við sjálfa málsmeðferðina. Í máli þessu hefur ekki gefist færi á að staðreyna frumskýrslur rannsóknaraðila með sjálfstæðum og ýtarlegum yfirheyrslum. Í ljósi meginreglu 2. ml. 3. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991, sbr. hæstaréttardóm frá 31. 10. 1996 í máli nr. 272/1996, verður af þessum sökum við úrlausn málsins ekki litið til áðurnefndra rannsóknargagna um annað en það, sem kann að horfa ákærða til hagsbóta. Með vísan til þessa svo og afstöðu ákærða til sakargifta er að mati dómsins ekki unnt að fallast á, að ákærvaldið hafi fært fram lögfulla sönnun fyrir þeim frumatriðum, sem málatilbúnaður þess er þó reistur á. Verður því með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna ákærða og fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, þ. á m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsuppsaga hefur tafist lítillaga vegna starfsanna dómara.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórólfur Jón Egilsson, er sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, 55.000 kr.